

HEILDARSTEFNA BFSÍ 2025-2028

Stefnumótun stjórnar BFSÍ

mars 2025



INNGANGUR


Bogfimisamband Íslands (BFSÍ) var stofnað þann 1. desember 2019. Á stofnþinginu voru samþykkt lög sambandsins þar sem kveðið er á um tilgang og almenn markmið sambandsins. Á grundvelli laganna var mótuð heildarstefna (strategic plan) um það hvernig starfa eigi eftir lögunum og útfæra þau í framkvæmd. Hvaða “viðskiptavinum” ætlar BFSÍ að þjóna? Hvaða virðisauka ætti BFSÍ að skapa fyrir aðildarfélög sambandsins og iðkendurna innan vébanda þeirra?

Heildarstefnan er byggð að hluta á fyrirmynd frá alþjóða bogfimisambandinu (Targeting Gold – The World Archery Workbook to developing a successful strategy)¹. World Archery hefur á stefnuskrá sinni að öll landssambönd setji sér slíka stefnu og hafa ýmis bogfimisambönd annarra landa sett sér slíkar heildarstefnur og mætti t.d. vísa á heildarstefnur Danmerkur² og Skotland³.

Heildarstefna er byggð á ákveðinni framtíðarsýn og er það ætlun BFSÍ á Íslandi að hafa sömu framtíðarsýn og sú sama WA hefur⁴ sem er í stórum dráttum: “allir hafi tækifæri til þess að stunda, taka þátt í og hafa gaman af bogfimi íþróttum”

Helstu verkefni til að ná því markmiði eru:

- Að styrkja aðildarfélög sín til að gera bogfimi að leiðandi íþrótt á landsvísu.
- Að byggja upp og stjórna vistkerfi móta og viðburða.
- Að efla vitund um og þátttöku í íþróttinni.



² https://bueskydningdanmark.dk/wp-content/uploads/2018/06/03187-Strategifolder_pixie-udgave_FINAL.pdf

³ <https://scottisharchery.org.uk/sites/default/files/Scottish%20Archery%20Strategy.pdf>

¹ <https://worldarchery.org/news/155253/world-archery-releases-targeting-gold-assist-members-strategic-planning>

² <https://worldarchery.org/news/178830/executive-board-updates-mission-and-vision-statements-guide-post-pandemic-planning>

Stefnunni er skipt upp í 6 málefnasvið til samræmis þeim sem birtast í riti WA. Fyrsta útgáfa stefnunnar var kynnt á bogfimiþingi árið 2021 og óbreytt stefna var svo kynnt á bogfimiþingi árið 2023. Gildistími þeirrar stefnu var 2021-2024 og því komið að yfirferð og endurnýjun heildarstefnunnar fyrir bogfimiþing 2025. Þrátt fyrir að sambandið hafi þurft að eiga við margar stórar áskoranir á sínum fyrstu fimm árum þá hefur verið gott gengi á þróun sambandsins og vexti íþróttarinnar. BFSÍ er ungt samband, sem hefur vaxið gríðarlega hratt og ýmsir þættir í starfsemi þess því ekki fullmótaðir.

Heildarstefnan er mikilvæg til þess auka gagnsæi og skilvirkni í störfum BFSÍ þannig að öllum sé ljóst á hvaða skotmark BFSÍ er að miða í starfsemi sinni.



¹ <https://worldarchery.org/news/155253/world-archery-releases-targeting-gold-assist-members-strategic-planning>

² <https://worldarchery.org/news/178830/executive-board-updates-mission-and-vision-statements-guide-post-pandemic-planning>

HELSTU AÐGERÐIR 2025-2028

Stjórn Bogfimisamband Íslands (BFSÍ) mun vinna að fyrrnefndum markmiðum með eftirfarandi aðgerðum á tímabilinu.

A. Grasrótin (Allir hafi tækifæri til þess að æfa og njóta bogfimiíþróttta.)

Grunnurinn að öflugtu starfi aðildarfélaganna í landinu er öflugt grasrótastarf. Áður en fólk fer að stunda bogfimi sem afreksíþrótt þá hefur það oftast komist í kynni við bogfimi áður sér til skemmtunar eða sem almenningsíþrótt sér til heilsubótar. Stærsti hluti iðkenda í bogfimi stundar íþróttina sér til dægradvalar.

Aðgerðir

A.1. Taka þátt í grasrótastarfi í samstarfi við ÍSÍ, UMFÍ og önnur samtök í almennu grasrótastarfi íþróttta.

A.2. Að kynna markbogfimi á nýjum svæðum og veita áhugasömum leiðbeiningar og aðstoð við innleiðingu nýrra aðildarfélaganna.

A.3. Aðstoða núverandi aðildarfélaganna í uppbyggingu og stækkun síns grasrótastarfs.

A.4. Samstarf við fagaðila sem sinna grassrótastarfi í bogfimi.



¹ <https://worldarchery.org/news/155253/world-archery-releases-targeting-gold-assist-members-strategic-planning>

² <https://worldarchery.org/news/178830/executive-board-updates-mission-and-vision-statements-guide-post-pandemic-planning>

B. Þjónusta við aðildarfélög og félagsmenn þeirra

Bogfimisambandinu er ætlað að veita aðildarfélögum og þeirra iðkendum ýmsa þjónustu s.s. að halda Íslandsmót og halda utan um Íslandsmetaskrá auk fleiri atriða.

Aðgerðir

B.1. Halda árlega Íslandsmót í bogfimi bæði innandyra og utandyra.

B.2. Halda skrá yfir Íslandsmet og útgáfu staðfestinga á þeim.

B.3. Stuðla að menntun og endurmenntun bogfimidómara.

B.4. Stuðla að menntun og endurmenntun bogfimiþjálfara.

B.5. Fylgjast með því sem er að gerast á vettvangi ÍSÍ og heimssambands. Taka þátt á heims- (WA), Evrópu- (WAE) og Norðurlandáþingum (WAN) Í framhaldi af því að uppfæra reglur og koma mikilvægum atriðum á framfæri til aðildarfélaga BFSÍ.

¹ <https://worldarchery.org/news/155253/world-archery-releases-targeting-gold-assist-members-strategic-planning>

² <https://worldarchery.org/news/178830/executive-board-updates-mission-and-vision-statements-guide-post-pandemic-planning>

C. Afreksstarf (Árangur fyrir Ísland)

Afreksstarf (Elite Performance) er fjallað um ítarlega í afreksstefnu BFSÍ og er að finna á vefsíðu sambandsins. Megin markmið með skipulögðu afreksstarfi BFSÍ er að afreksfólk og lið BFSÍ skipi sér í sess með þeim bestu í heiminum hverju sinni. BFSÍ mun stilla verkefnum upp þannig að þau hámarki bæði árangur og þátttöku landsliða BFSÍ. Til þess að svo megi verða þarf BFSÍ að haga afreksstarfi sínu með faglegri umgjörð.

Aðgerðir

C.1. Fjölga starfsmönnum sem koma að afreksstarfi sambandsins.



¹ <https://worldarchery.org/news/155253/world-archery-releases-targeting-gold-assist-members-strategic-planning>

² <https://worldarchery.org/news/178830/executive-board-updates-mission-and-vision-statements-guide-post-pandemic-planning>

D. Fræðsla og útbreiðsla

Fræðsla og útbreiðsla (Promotional Activity). Þörf er á því að kynna og auglýsa íþróttina. Bæði til þess að fjölga iðkendum og til þess að skapa áhuga meðal almennings á íþróttinni þannig að bogfimi sé sýnilegri í samfélaginu. Stefna að því að um bogfimi sé fjallað í íþróttufréttum fjölmiðlanna.

Aðgerðir

D.1. Myndbandsupptökur og streymi af úrslitum á Íslandsmótum til þess að koma á framfæri á netinu.

D.2. Skrifa fréttir og annað kynningarefni á Archery.is og Bogfimi.is um það sem er að gerast hér á landi í bogfimi og stuðla að deilingu fréttanna á samfélagsmiðlum.

D.3. Hvetja aðildarfélögin til þess að skrifa greinar um félagsstarf sitt til þess að kynna starfsemi sína.

D.4. Aðrar aðgerðir sem líklegar eru til þess að fjölga aðildarfélögum og iðkendum í aðildarfélögum sambandsins.

E. Fjármál

Fjármál (Financial Management). Þörf er á Bogfimisambandið hafa traustan fjárhagslegan grundvöll. Þannig að sambandið hafi fjárhagslega getu til þess að sinna markmiðum sínum og hafi traust aðila sem veita því styrki.

Aðgerðir

E.1. Að leggja fyrir fjárhagsáætlun til tveggja ára á bogfimiþingum,

E.2. Að stýra og skipuleggja starfið til að standa sem næst áætlunum.

E.3. Helstu leiðir til að auka innkomu eru að: Afla styrkja frá samstarfsaðilum, fjölga þátttakendum/aðildarfélögum, fjölga viðburðum,

¹ <https://worldarchery.org/news/155253/world-archery-releases-targeting-gold-assist-members-strategic-planning>

² <https://worldarchery.org/news/178830/executive-board-updates-mission-and-vision-statements-guide-post-pandemic-planning>

F. Skipulag

Skipulag (Organisational Structure). Mikilvægt er að stjórnskipulag sambandsins sé skýrt og starf þess sé gegnsætt. Setja þarf skýrar verklagsreglur um starfsemi þess og ýmislegt er lítur að bogfimiþróttinni hér á landi. Ljóst er að BFSÍ mun í þessu efni styðjast við þær reglur og leiðbeiningar sem World Archery og ÍSÍ hafa gefið út.

Aðgerðir

F.1. Setja sambandinu skýrt og gegnsætt skipulag og verklagsreglur. Stefnt er að því að meginstarf BFSÍ verði:

- Afreksstarf
- Mótahald
- Fræðsla- og útbreiðsla
- Stjórnunarsvið (sér um fjármál, alþjóðasamskipti og stoðþjónustu aðildarféлага)

F.2. Ráða starfsmenn eða verktaka til þess að framkvæma ákveðna þætti til þess að koma stefnunni í framkvæmd.

F.3. Undirbúa formannafundi og bogfimiþing.

¹ <https://worldarchery.org/news/155253/world-archery-releases-targeting-gold-assist-members-strategic-planning>

² <https://worldarchery.org/news/178830/executive-board-updates-mission-and-vision-statements-guide-post-pandemic-planning>

Samhengi á milli stefnunnar og laga BFSÍ

Gæta þarf að því að stefna BFSÍ sé í samræmi við lög sambandsins sem tilgreind eru í 3. grein laganna. Í eftirfarandi töflu er hugað að þessu samhengi.

Tilgangur og markmið skv. 3.gr.	Stefna	Framkvæmd
1. vinna að framgangi bogfimiíþrótta og útbreiðslu þeirra á Íslandi;	1.1. Styðja ný aðildarfélög að hefja bogfimistarf innan sinna raða 1.2. Styðja núverandi aðildarfélög í sínu starfi, fjölgun iðkenda og skilvirkni í starfi	Starfsmenn
2. hafa yfirstjórn allra sérgreinamálefna bogfimiíþrótta á Íslandi;	2.1. Margar tegundir bogfimiíþrótta eru til. Stefna BFSÍ er að leggja mesta áherslu á þær keppnisgreinar í markbogfimi sem WA leggur áherslu á og hefur gefið út leikreglum fyrir.	Þing, formannafundur og stjórnin
3. setja og fylgja eftir reglum, fræða og löggilda dómara og þjálfara í íþróttinni, staðsetja og framkvæma mót BFSÍ og staðfesta íslensk met;	3.1. Stefnt er að því að tryggja að félög, starfsmenn og stjórnir fari eftir reglum sem stjórn BFSÍ setur. 3.2. Halda árlega Íslandsmeistaramót í markbogfimi innandyra og utandyra í öllum aldursflokkum og bogaflokkum. 3.3. Halda dómara og þjálfaranámskeið reglubundið. 3.4. Halda úti íslandsmetaskrá og gefa út staðfestingar á Íslandsmetum	Stjórnin og starfsmenn
Tilgangur og markmið skv. 3.gr.	Stefna	Framkvæmd
4. vera fulltrúi Íslands gagnvart erlendum alþjóðlegum bogfimisamtökum innan ólympíuhreyfingarinnar og gæta þess að gildandi reglur um bogfimiíþróttir á Íslandi séu í samræmi við alþjóðareglur;	4.1. Stefnt er að þátttöku á öllum heims- (WA), Evrópu- og Norðurlanda þingum. 4.2. Stefnt er því að setja og uppfæra reglur BFSÍ þannig að þær séu sem mest í samræmi við reglur WA, WAE, WAN og ÍSÍ.	Stjórnin og starfsmenn
5. efla og skipuleggja málefni og verkefni landsliða;	5.1. Viðhalda afreksstefnu um hvernig staðið skuli að afreksstarfi.	Íþróttastjóri
6. stuðla að auknum skilningi á málefnum sambandsins útávið;	6.1. Halda tölfræði um íþróttina og starfsemi sambandsins 6.2. Upplýsinga miðlun til annarra sambanda m.a. til WA og ÍSÍ.	Stjórnin og starfsmenn
7. stuðla að góðri samvinnu félaga sinna;	7.1. Hvetja til samvinnu milli félaga innan BFSÍ.	Stjórnin og starfsmenn
8. stuðla að gerð og útgáfu fjölmiðlaefnis til framdráttar íþróttarinnar;	8.1. Gerð fréttar á vefsíðu sambandsins og samfélagsmiðlum. 8.2. Gerð myndskaiða til að birtinga á samfélagsmiðlum 8.3. Gerð fréttar til stuðnings íþróttafólks og félaga á Archery.is	Starfsmenn
9. leitast við að jafna ágreining er upp kann að koma á milli sambandsaðila. Sambandið skal þó ekki hafa það úrskurðarvald nema báðir eða allir aðilar óska þess.	Taka á slíkum málum ef slík mál koma upp.	Stjórn eða sidanefnd

¹ <https://worldarchery.org/news/155253/world-archery-releases-targeting-gold-assist-members-strategic-planning>

² <https://worldarchery.org/news/178830/executive-board-updates-mission-and-vision-statements-guide-post-pandemic-planning>